

Reykjavík, 31. október 2016

## Ágæti flokksformaður.

Nú að afstöðnum kosningum hefjast þreifingar um myndun nýrrar ríkisstjórnar. Félagi atvinnurekenda þykir mikilvægt að í nýjum stjórnarsáttmála verði tekið á ýmsum atriðum sem varða hagsmuni fyrirtækjanna í landinu, ekki síst þeirra minni og meðalstóru, sem oft eru í erfiðri samkeppnisstöðu gagnvart stærri aðilum. Stjórn FA samþykkti í dag eftirfarandi ályktun:

„Stjórn Félags atvinnurekenda beinir því til stjórnmálauflokksins, sem setjast nú á rökstóla um stjórnarmyndun, að hafa í huga hagsmuni minni og meðalstórra fyrirtækja þegar stefnan er ákveðin fyrir væntanlegt stjórnarsamstarf. Eftirfarandi tíu atriði telur FA að ættu heima í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar sem vill tryggja öflugt atvinnulíf í landinu.

- Aðhald og ábyrgð í ríkisfjármálum til að styðja við peningamálastefnu Seðlabankans. Stöðugleiki, þar sem verðbólgu markmið nást og vextir halda áfram að lækka, er stærsta hagsmunamál fyrirtækjanna.
- Átak verði gert í því að einfalda regluverk atvinnulífsins og hrinda í framkvæmd áformum um að tilkynningaskylda fyrirtækja komi í stað flókinna og dýrra leyfisveitinga. Sett verði regla um að við innleiðingu Evrópureglina í íslenska löggjöf verði engum íþyngjandi reglum fyrir atvinnulífið bætt við nema með sérstökum rökstuðningi.
- Búvörusamningar verði endurskoðaðir í breiðri sátt bænda, neytenda og atvinnulífs. Stuðningskerfi landbúnaðarins verði breytt og tollar lækkaðir í samræmi við tillögur Samráðsvettvangs um aukna hagsæld.
- Leitað verði leiða til að tryggja aðgengi fiskvinnslu án kvóta eða eigin útgerðar að hráefni til vinnslu. Stefna ætti að afnámi tvöfaldrar verðmyndunar í sjávarútvegi, meðal annars með því að lögfesti milliverðlagningarreglur um innri viðskipti lóðrétt samþættra útgerðar- og vinnslufyrirtækja.
- Haldið verði áfram að lækka tryggingagjald fyrirtækja í áföngum.
- Eftirlitsgjöld sem ríkið leggur á fyrirtæki verði tekin til heildarendurskoðunar. Gjaldtakan af hverju fyrirtæki fyrir sig endurspegli raunkostnað við eftirlitið sem að því beinist.
- Gert verði átak í því að ríkisstofnanir fari að lögum um opinber innkaup og bjóði út kaup á vörum og þjónustu.

- Stjórnvöld fari að tilmælum Samkeppniseftirlitsins um að afnema samkeppnishömlur, til dæmis í landbúnaði, sjávarútvegi og millilandaflugi. Samkeppniseftirlitið verði eft. Tekið verði upp samkeppnismat að tillögu OECD.
- Hömlur verði settar á samkeppni ríkisfyrirtækja á borð við Isavia og Íslandspóst við einkarekin fyrirtæki.
- Átak verði gert í gerð fríverslunarsamninga við önnur ríki, ýmist tvíhliða eða á vettvangi EFTA.“

Það er von míni að þinn flokkur taki þessi hagsmunamál fyrirtækjanna í landinu til skoðunar og haldi þeim til haga í mögulegum viðræðum um stjórnarsamstarf.

Með vinsemd og virðingu,



Birgir S. Bjarnason  
Formaður Félags atvinnurekenda